

handa geti borið árangur. Þykir því samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna bera að dæma hann til gæzlu á viðeigandi hæli.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Einarsson, skal sæta gæzlu á viðeigandi hæli.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. september 1949.

Nr. 56/1949. **Valdstjórnin** (Einar Arnórsson)

gegn

Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni (Sigurður Ólason)

og

Réttvísín (Einar Arnórsson)

gegn

Magnúsi Hauki Jónssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot. Rangur framburður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, skal sviptur leyfi til að aka bifreið 8 mánuði alls.

Kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00. Ákærði, Magnús Haukur Jónsson, greiði málflutningslaun skipaðs

verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 500.00, greiði kærði Ingólfur og ákærði Magnús in solidum.

Það athugast, að við framhaldsrannsókn í Reykjavík í máli þessu var ekki rannsakaður aðdragandi að því, að ákærði, Magnús Jónsson, bar rangt fyrir dómi, er haldin voru frumpróf máls þessa í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, skal sviptur ökuleyfi 8 mánuði alls.

Kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 400.00. Ákærði, Magnús Haukur Jónsson, greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiði kærði og ákærði in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. sept. 1948.

Ár 1948, föstudaginn 17. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4433/ og 4434/1948: Valdstjórnin gegn Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni og réttvísín gegn Magnúsi Hauki Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag. Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum, Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni símamanni, Karla-götu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar, og gegn ákærðum, Magnúsi Hauki Jónssyni verkamanni, Lindargötu 14 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Þáðir eru þeir kærður og ákærður komnir yfir lögaldur sakamanna,

kærður fæddur 11. október 1925 í Hafnarfirði, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1937 12/5 Kærður fyrir barsmið. Afgr. til barnaverndarn.

1938 3/3 Kærður fyrir hnúpl, rúðubrot o. fl. Sams konar afgr.

1943 4/8 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og ókvæðisorð um lögregluna.

1943 29/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og árás á lögregluna.

1948 21/4 Sátt, 125 kr. sekt fyrir óspektir og rúðubrot. Skaðabætur skv. reikningi.

Ákærður er fæddur 6. júlí 1928 í Reykjavík, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

1947 19/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun, áflog og rúðubrot, 175 kr. skaðabætur í sama máli.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Sunnudaginn 13. júlí 1947 voru þeir Geir G. Bachmann, bifreiðaeftirlitsmaður í Borgarnesi, og Jón Pétursson verkamaður, Borgarnesi, við umferðareftirlit í Borgarfirði. Kl. 12—12½ á miðnætti (aðfaranótt hins 14. júlí) voru þeir staddir í Borgarnesi, á Egilsgötu við hornið, þar sem bifreiðastöð Kaupfélags Borgfirðinga er. Sáu þeir þá jeppabifreiðina R-2844 koma akandi fyrir götuhorn þetta á mikilli ferð. Gáfu þeir bifreiðarstjóranum merki um að nema staðar. Virtist þeim koma hik á hann og hann hálfstöðva bifreiðina, en ók þegar áfram eftir það. Þeir Geir og Jón sáu glögglega, að tveir menn sátu í bifreiðinni, bifreiðarstjórinn og annar maður til, sem sat í framsætinu, en engan sáu þeir í aftursæti bifreiðarinnar. Eftir þetta hófu þeir Geir og Jón leit að umræddri bifreið og fundu hana á Skúlagötu í kaupstaðnum, en ekki fundu þeir menn þá, sem í henni höfðu verið, þar. Fóru þeir síðan á gistihúsið og fundu mennina 2 þar í gestaherbergi. Virtust þeir eða þóttust vera sofnaðir. Hjá starfsstúlkum á gistihúsinu fengu þeir Geir og Jón þær upplýsingar, að menn þessir væru þangað komnir aðeins fyrir um 10 mínútum. Þeir Geir G. Bachmann og Jón Pétursson fóru nú til sýslumanns, Jóns Steingrímssonar, vöktu hann upp og kærðu mennina, sem í bifreiðinni R-2844 höfðu verið. Brá sýslumaður við og fór ásamt þeim Geir og Jóni á gistihúsið til að hafa tal af mönnunum tveim. Brugðust þeir illa við þessari heimsókn og viðhöfðu móðgandi orð og hótanir við sýslumann og löggæzlumenn, enda virtust þeir vera ölvaðir að dómi sýslumanns og löggæzlumannanna tveggja.

Mennirnir tveir, sem í bifreiðinni R-2844 höfðu verið, reyndust vera þeir kærður, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, og ákærður, Magnús Haukur Jónsson. Setti sýslumaður yfir þeim rétt næsta dag, og skýrðu þeir þá báðir svo frá, að um kl. 2½ e. h. hinn 13. júlí, daginn áður, hefðu þeir komið til Borgarness með m/s Laxfossi. Þaðan kváðust þeir hafa farið á íþróttamót, sem þennan dag var haldið nálægt Ferjukoti í Borgarhreppi, og verið þar allt til kvölds. Á skemmtuninni sögðust þeir kærður og ákærður hafa neytt nokkurs áfengis og verið orðnir allölvaðir, er henni lauk. Hafi þeir því fengið mann nokkurn, sem þeir gátu enga grein gert fyrir, hver var, til að aka bifreiðinni R-2844, sem var á þeirra

vegum, frá skemmtistaðnum niður í Borgarnes. Á tilteknum stað í kaupstaðnum kváðust þeir síðan hafa skilið við mann þennan og farið síðan á gistihúsið á staðnum og fengið sér gistingu, háttað og verið í rúmunum sínum, er löggæslumenn og síðan sýslumaður komu til þeirra þangað.

Í þessu sama réttarhaldi lýstu þeir báðir yfir því, Geir G. Bachmann og Jón Pétursson, að þeir þekktu kærða Ingólf Vestmann fyrir hinn sama mann, sem ekið hefði bifreiðinni R-2844, er hún ók fram hjá þeim í Borgarnesi kvöldið áður. Staðfestu þeir báðir þann framburð sinn, Geir með eiði, en Jón með drengskaparheiti.

Hinn 4. september 1947 var mál þetta tekið til rannsóknar í lögreglu-rétti Reykjavíkur. Skýrði kærður, Ingólfur Vestmann, frá málavöxtum á þessa leið: Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni R-2844 fyrir Landssim-ann um tíma sumarið 1947. Um helgina 12.—14. júlí þetta sumar kveðst hann hafa brugðið sér til Reykjavíkur, en skilið bifreiðina eftir í Borgar-nesi á meðan. Sunnudaginn 13. júlí hafði hann farið upp í Borgarnes aftur, tekið bifreiðina þar og ekið henni að Ferjukoti á fyrrnefnda sam-komu. Kveðst hann þá hafa verið algáður. Á skemmtun þessari kveðst hann síðan hafa dvalizt þar til um kl. 9 um kvöldið, brugðið sér þá til Borgarness með Englendingi nokkrum, en ekið síðan í umræddri bifreið aftur að Ferjukoti á skemmtunina og dvalizt þar, þar til henni var lokið um kl. 12 um nóttina (aðfaranótt hins 14. júlí). Eftir það kveðst kærður enn hafa tekið bifreiðina R-2844, ekið henni niður í Borgarnes, stöðvað hana einhvers staðar í kaupstaðnum, skundað síðan inn á Hótel Borgarnes og háttað. Með sér segir hann hafa verið ákærðan, Magnús Hauk Jónsson. Ekki kveðst kærður hafa orðið þess var, að honum hafi verið gefið stöðvunarmerki, er hann ók í gegnum Borgarnesskaupþún, og ekki telur hann sig hafa ekið með yfir 25 km hraða miðað við klst. í gegnum kaupþúnið. Kærður kveðst ekki hafa vaknað, er löggæslumenn-irnir og sýslumaður komu í herbergi þeirra félaga umrædda nótt, og hafi hann því ekki getað viðhaft móðgandi orðbragð við sýslumann og löggæslumennina. Á tímabilinu á að gizka kl. 10.15—12 kveðst kærður hafa drukkið úr einni flösku af brennivíni við þriðja mann, þannig að hann hafi neytt um $\frac{1}{2}$ hluta af innihaldi flöskunnar á þessum tíma. Af þessu kveðst hann hafa fundið talsvert til áhrifa áfengis, og hafi hann því ekið bifreiðinni R-2844 undir þessum áhrifum frá Ferjukoti til Borgarness í síðara skiptið, sem hann ók þangað þetta kvöld.

Ákærður, Magnús Haukur, viðurkenndi það í lögreglu-rétti Reykja-víkur hinn 14. nóvember 1947, að hann hefði skýrt rangt frá í lögreglu-rétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 14. júlí 1947 að því leyti, að kærður, Ingólfur Vestmann, hefði ekið bifreiðinni R-2844 frá Ferju-koti til Borgarness eftir kl. 12 aðfaranótt hins 14. júlí 1947. Hefur ákærður annars skýrt svo frá, að hann hafi orðið kærðum samferða frá Reykja-vík til Borgarness hinn 13. júlí 1947, farið síðan með honum í bifreiðinni R-2844 frá Borgarnesi að Ferjukoti og dvalizt þar, þar til skemmtun-inni lauk þar næstu nótt. Ekki fór ákærður með kærðum, er hann (kærður) ók til Borgarness með Englendinginn um kl. 9 að kvöldi hins

13., en neytti með honum áfengis eftir kl. 10 um kvöldið, eftir að kærður kom aftur á skemmtunina frá Borgarnesi. Er haldið var til Borgarness eftir kl. 12 um nóttina, kveðst ákærður hafa setið í framsæti bifreiðarinnar við hlið kærðs, og kveðst hann hafa veitt því athygli, er löggæzlumennirnir gáfu bifreiðinni stöðvunarmerki í Borgarnesi, og haft orð á því við kærðan, en hann ekki sinnt því. Ekki kveðst ákærður muna, hvað hann sagði við sýslumanninn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hann vakti þá félaga um nóttina, en telur vel geta verið, að það hafi verið eitthvað móðgandi; segist ekki hafa vitað fyrr en daginn eftir, að hann talaði þar við yfirvaldið á staðnum. Ekki kveðst ákærður hafa gert sér grein fyrir því við réttarhaldið hjá sýslumanni hinn 14. júlí 1947, að óheimilt væri að viðlögðum þungum refsingum að bera ljúgvitni fyrir rétti; kveðst aðallega hafa gert þetta til að reyna að bjarga félaga sínum, kærðum Ingólfi Vestmann.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst sannað, að kærður hafi ekið bifreiðinni R-2844 undir áhrifum áfengis aðfaranótt hins 14. júlí 1947, og hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaganna, nr. 33 9. janúar 1935, og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Einnig telst sannað, að hann hafi ekið of hratt, er hann var á ferð um Borgarnes sömu nótt, og hefur hann með því brotið gegn 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing hans, samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber, samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna, að svipta kærðan leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Með játningu ákærðs telst og sannað, að hann hafi sem vitni borið vísitandi rangt fyrir lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 14. júlí 1947, enda er þetta í samræmi við aðrar upplýsingar, sem fyrir liggja í máli þessu. Hefur ákærður með þessu athæfi sínu brotið 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Þykir refsing hans, samkvæmt nefndri grein, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærður skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjör-gengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, samkv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga.

Þá ákærðan og kærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Á rekstri máls þessa hefur orðið allmikill dráttur, og stafar hann af því, að allerfitt hefur reynzt að hafa uppi á þeim ákærðum og kærðum, sem hafa verið langdvölum úr bænum, meðan rannsókn málsins stóð yfir.

Dómsorð:

Kærður, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærður, Magnús Haukur Jónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.
 Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra
 starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.
 Þeir ákærður og kærður greiði in solidum allan sakarkostnað.
 Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 12/1949.

H/f Sæfinnur

gegn

Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
 í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. júní þ. á., sem Hæstarétti barst 30. s. m.,
 hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, upp
 kveðinn 11. s. m., en með þeim dómi var máli sóknaraðilja á
 hendur varnaraðilja vísað frá dómi. Sóknaraðili gerir þær
 kröfur hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi
 felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kæru-
 málskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og
 kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir
 mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði
 varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, h/f Sæfinnur, greiði varnaraðilja, bæjar-
 stjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kr. 300.00 kæru-
 málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.